



Ráðhús Reykjavíkur  
Borgarráð

***Efni: Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um manneklu í leikskólum - R18080060***

Á fundi borgarráðs 16. ágúst sl. lögðu borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Hversu mörg laus pláss eru á leikskólum Reykjavíkur sem ekki er hægt að nýta vegna manneklu? A. Hversu mörg börn geta ekki hafið aðlögun á þeim leikskólum sem var fyrsta val hjá foreldrum þegar sótt var um leikskólapláss? B. Hversu mörg börn geta ekki hafið aðlögun í leikskóla í sínum hverfum?

**Svar:**

Samkvæmt reglum Reykjavíkurborgar um leikskólaþjónustu innritast börn í leikskóla eftir kennitölu, þau elstu fyrst. Börn sem eiga systkini í umsóknarleikskóla njóta systkinatillits í viðkomandi leikskóla svo framarlega sem þeim börnum sem eru fyrir framan þau á biðlista býðst rými í öðrum þeim leikskóla sem forsjármenn setja til vara. Sækja má um forgang að leikskóla fyrir barn ef sérstakar aðstæður mæla með því. Börn á forgangi raðast á biðlistann eftir kennitölu, þau elstu fyrst. Leikskóladvöl barns með forgang hefst í fyrsta lagi við tólf mánaða aldur.

Aðalinnritun í leikskóla 2018 fór fram í apríl sl. þegar úthlutað var plássum barna sem eru að hófu grunnskólanám í haust. Ekki er haldið utan um hvort börn fá vistun í þeim leikskóla sem var settur í fyrsta val eða annað val hjá foreldrum, né heldur hvort börn eru í leikskóla utan síns hverfis. Þegar barn kemst ekki inn í þann leikskóla sem er í fyrsta vali, þá er foreldrum boðið leikskólapláss sem er í öðru eða þriðja vali. Margir foreldrar eru tilbúnir til að börn þeirra fari í aðra leikskóla innan hverfis og eins kjósa sumir foreldrar leikskóla utan hverfis fyrir yngstu börnin, leikskóla sem eru nær vinnustað foreldranna. Foreldrar geta gert flutningsumsóknir fyrir börn sín ef þeir kjósa og fært börnin þegar losnar pláss í þeim leikskóla sem þeir kjósa helst. Aðsókn hefur verið mun meiri en hægt er að mæta í nokkra leikskóla í Reykjavík og eru þó nokkrar umsóknir um flutning tengdar þeim leikskólum. Unnið er að því að fjölga leikskólaplássum við þá leikskóla þar sem það er hægt. Verið er að setja niður laus hús á lóðir þriggja leikskóla er um ræðir og þar mun plássum fjölga í janúar og febrúar nk. þegar framkvæmdum lýkur. Staðan á milli hverfa og leikskóla í Reykjavík er því misjöfn. Við suma leikskóla er biðlisti, en ekki við aðra. Það þýðir að hægt er að fara neðar í aldri við inntöku barna á suma leikskóla.

Á fundi skóla- og frístundaráðs 9. október sl. og í borgarráði 15. nóvember sl. var samþykkt breyting á reglum um leikskólaþjónustu þar sem miðað er við að börn, sem orðin eru 18 mánaða 1. september ár hvert, fái boð um leikskóladvöl það sama haust. Áður var miðað við að börn gætu hafið leikskóladvöl á því ári sem þau verða tveggja ára.

Greining á biðlista eftir leikskólavistun 30. nóvember sl. sýnir að fjöldi umsókna barna sem voru 18 mánaða 1. sept. 2018 (fædd í febrúar 2017 eða fyrr) eru 70. Auk þeirra eru 10 börn 12-17 mánaða með forgang á biðlista. Samtals eru því 80 umsóknir á biðlista. Af þeim eru 4 umsóknir barna, fædd í jan/feb. 2017, sem bárust áður en aðalinnritun í leikskóla hófst í lok apríl sl. þegar úthlutað er

plássum barna sem eru að hefja grunnskólanám að hausti. Síðan aðalinnritun fór fram hafa bæst við 76 umsóknir 66 vegna barna 18 mánaða og eldri og 10 vegna barna 12-18 mánaða sem metin eru í forgangi að leikskóladvöl. Af hópnum eru 14 í vistun í nágrannasveitarfélagi og Reykjavíkur greiðir fyrir vistunina. Starfsfólk innritunar er í stöðugu sambandi við foreldra barna á biðlista og hefur nokkrum fjölda nú þegar verið boðin leikskóladvöl en foreldrar kjósa að bíða eftir ákveðnum leikskólum.

Samkvæmt greiningu á biðlista eftir leikskólavistun 3. nóv. sl. var heildarfjöldi barna í vistun í leikskólum Reykjavíkurborgar 5265. Fjöldi barna fædd í feb. 2017 og eldri, þ.e. 18 mán. 1. sept. sl. eru 5039. Þann 3. nóv. voru 57 börn fædd í lok feb. 2017 eða fyrr sem biðu eftir vistun. Það er 1,12% af heildarfjölda barna 18 mán og eldri ef miðað er við 1. sept. sl.

Nú stendur yfir stöðumat á biðlista eftir leikskólaplássi hjá börnum sem voru 18. mánaða og eldri 1. sept. sl. til að tryggja það að öllum foreldrum hafi verið boðið pláss á leikskóla fyrir barn sitt áður en haldið er áfram úthlutun plássu til yngri barna. Nú þegar eru 226 börn yngri en 18 mánaða í vistun í leikskólum Reykjavíkur, á ungbarnadeildum, í leikskólum þar sem ekki er biðlisti eldri barna og börn sem hafa verið metin í forgang.

Þegar litið er til seinkunar á inntöku vegna manneklu þá er óvíst með dagsetningar á inntöku 4 barna sem hafa fengið boð um vistun í leikskóla haustið 2018. Um er að ræða einn leikskóla. Unnið er með leikskólastjóra og foreldrum að úrlausn og áætlað er að taka þessi börn inn í janúar. Þann 12 nóvember sl. átti eftir að ráða í 32 stöðugildi grunnmönnunar á leikskólum, en á sama tíma árið 2017 átti eftir að ráða í 57,5 stöðugildi.

Þann 30. nóvember sl. voru 369 pláss laus í leikskóla Reykjavíkurborgar. Haldið verður áfram í samstarfi skrifstofu sviðsins og leikskólastjóra að innrita í þau pláss. Mikil og markviss vinna hefur farið fram frá því sl. sumar hjá leikskólastjórum og skrifstofu sviðsins við mönnun á leikskólunum. Staða mönnunar er mun betri en hún var á sama tíma í fyrra, svo til búið að taka inn öll þau börn sem fengu úthlutað plássum í haust og mjög margir leikskólar verið að taka inn enn fleiri börn eftir því sem þeir náðu að manna. Áfram verður unnið markvissst með leikskólastjórum að mönnun og inntöku barna í leikskólana. Fyrst þeirra 70 barna á biðlistanum sem eru 18 mánaða og eldri síðan 1. september, auk 10 yngri barna sem eru með forgang. Samhliða verður unnið með flutningsumsóknir barna. Haldið verður áfram að taka inn yngri börn af biðlista.

Biðlisti eftir leikskóla tekur stöðugum breytingum, röðun barna á biðlista getur breyst skyndilega vegna flutninga og vegna barna sem metin eru í forgang í vistun í leikskóla. Óskir foreldra eru misjafnar, allt eftir aðstæðum. Lögð er áhersla á markvissst og gott samstarf leikskóla, skrifstofu skóla- og frístundasviðs og foreldra við innritun barna í leikskóla Reykjavíkurborgar.

Virðingarfyllst



Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs